

þann flugrekstur. Skal þar starfa flugumsjónarmaður (-menn) er hafi gilt skírteini skv. gr. 4.5. eða gr. 1.2.2. í reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn. Flugrekendur þeir, sem grein þessi tekur til, skulu í flugrekstursbók sinni gera grein fyrir verksviði og ábyrgð flugumsjónar og þeirra flugumsjónarmanna, er hjá þeim starfa.

2. gr.

Greinatala reglugerðarinnar breytist í samræmi við ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar, þannig að greinar 7—25 verði greinar 8—26.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 39 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um lágmarksafkastagetu flugvéla.

1. gr.

Flugvélar sem notaðar eru til farþegaflugs í atvinnuskyni við blindflugsskilyrði eða í næturflugi skulu hafa þá lágmarksafkastagetu, að þær með einn hreyfil óvirkan og á flugþyngd eins og hún er á hverjum tíma, geti haldið þeirri lágmarksflughæð eða lágmarksflughæðum, sem birtar eru í Flugmálahandbók - AIP Iceland - á allri fyrirhugaðri flugleið. Ef flogið er eftir flugleið sem ekki er birt í Flugmálahandbók - AIP Iceland - skal miða við 1500 feta hæð yfir hæstu hindrun innan 10 sjómílna beggja vegna flugleiðarinnar.

2. gr.

Flugvélar, sem notaðar eru til farþegaflugs í atvinnuskyni, skulu hafa þá lágmarksafkastagetu samkvæmt flughandbók að hægt sé að ná 15 m (50 feta) hæð yfir flugbrautarendanum sem framundan er í flugtaki og á sama hátt lenda úr 15 m (50 feta) hæð yfir aðflugsenda flugbrautar. Taka ber eðlilega tillit til þeirra þátta, sem einkum hafa áhrif á leyfðan hámarksþunga í hverju tilfelli, m. a. ráðandi loftþrýstings, hitastigs, vinds, yfirborðs og halla flugbrautar, svo og þess hvort á henni sé ís, snjór, krap eða bleyta.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum enda nái eigi önnur refsíákvæði XIII kafla laga nr. 31 21. maí 1961 yfir atferlið.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89., 163. og 186 gr. laga nr. 31 21. maí 1961 um loftferðir, og tekur til íslenskra loftfara og erlendra loftfara sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir í atvinnuskyni, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 608 24. nóvember 1980 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.